

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Forleifaskráning



Fornleifaskráning 2019

Seljavellir III, Sveitarfélaginu Hornafirði

Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Sigríður G. Björgvinsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Seljavellir	2
Minjakönnun.....	4
Lokaorð	6
Heimildir	6
Viðauki:	7


Inngangur

Seljavellir er eitt af fjórum nýbýlum sem reist voru á fornu heiðar--- og beitilandi Árnanes í Nesjum Hornafirði (Lnr. 159454), á fyrri hluta tuttugustu aldar.¹ Landsvæði Seljavalla liggur norðaustan við Þjóðveg 1 til marka afréttar við Selmýrarhrygg í minni Laxárdals. Jarðarmörkin liggja við Akurnes í vestri og Kettubrekku/Dýhól í austri. Þrjúbýlt er á jörðinni í dag, Seljavellir I, Seljavellir II og Seljavellir III.

Búsetusaga Árnanes (áður nefnt Arnanes) nær a.m.k. aftur til 14. aldar.² Í gömlum máldögum er getið hálfkirkju í Árnanesi frá 1367 til loka 16. aldar.

Fyrirhugaðar eru byggingaframkvæmdir við og sunnan núverandi húsa að Seljavöllum III samkvæmt tillögu að deiliskipulagi fyrir bæjarhlaðið (mynd 1). Farið var á vettvang að Seljavöllum 19. febrúar 2019 að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins í þeim tilgangi að gera úttekt á skipulagssvæðinu, eins og lög um menningarminjar gera ráð fyrir.³

Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúruvandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Mynd 1. Skipulagstillaga að bæjarhlaði Seljavalla I og III, Höfn í Hornafirði (t.h.). Deiliskipulagsreiturinn fellur innan bláa hringsins í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012---2030. Skjáskot af www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal; Heimild: Gláma---Kím.

¹ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 160 --- 173

² Blanda II, 1921---1923, bls. 249

³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Seljavellir

Bæjarnafnið Seljavellir er dregið af örnefninu Selhóll, sem er lágreistur hóll um 500 m norðaustan við bæjarstæðið.⁴ Búseta að Seljavöllum hófst árið 1955 þegar nýbýlið var reist í fornu heiðar--- og beitilandi Árnanes.⁵ Árnanesjörðin var talin ein af bestu jörðum í fyrrum Nesjahreppi með mikil og góð engjalönd auk hlunninda.⁶ Jarðamörk Seljavalla liggja frá Þjóðvegi 1 í suðri til marka afréttar við Selmýrarhrygg í norðri, samsíða landareign Akurness í vestri og Klettabrekku/Dýhól í austri. Kartöflu--- og rófurækt er stunduð á Seljavöllum ásamt landbúnaði og ferðaþjónustu.



Mynd 2. Horft til norðurs að bæjarhlaði Seljavalla I og III, með skipulagssvæðið í forgrunni. Ljós. SGB, feb. 2019.

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir eru tæpir 8 ha við bæjarhlaðið að Seljavöllum III (sjá mynd 1). Innan þess eru fyrirhugaðar fjórar nýjar byggingalóðir ásamt bílastæðum, veglínnum og skógræktarsvæði. Nýjar lóðir taka til hluta túna sem hafa verið nýtt til ræktunar síðustu ár (mynd 2). Um aldamótin 1900 hófst vegagerð í Austur---Skaftafellssýslu. Hafnarvegurinn, fyrsti uppbyggði vegurinn í sýslunni, náði þá frá kaupúninu inn að Hólum í Nesjum (mynd 3). Árið 1910 var Laxáin brúuð og þremur árum síðar var lokið við vegagerð frá Hólum og inn í

⁴ Hjalti Egilsson, 2019

⁵ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 173

⁶ Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 161

Bjarnarnesland (sjá mynd 4). Fram til ársins 1974 lá þessi fyrrum þjóðvegur norðar en núverandi lega hans gerir (sjá mynd 4 og 5).⁷



Hafnarvegurinn

Mynd 3. Skjáskot af atlaskortateikningu danskra landmælingamanna frá 1903, Nesjahreppur. Býlið Hólar er merkt bókstafnum **l**, rauða örin vísar á Hafnarveginn, frá Hólum til Hafnar. Það var fyrsti uppbyggði vegurinn í sýslunni og lá norðan við býlið. Heimild: Landmælingar Íslands/söguleg gögn.



Legu þjóðvegjar frá 1913

Mynd 4. Skjáskot af atlaskorti af Hornafirði frá 1942 og sýnir legu þjóðvegjarins til norðvesturs frá Hólum í Bjarnanesland. Áður fyrr lágu þjóðleiðirnar nær firðinum annars vegar og inn með fjöllum hins vegar. Heimild: Landmælingar Íslands/atlaskort.

⁷ Hjalti Egilsson, 2019

Minjakönnun

Ein skráning var gerð innan úttektarsvæðisins (sjá mynd 6). Suður af bæjarhlaðinu er lágt og grasi vaxið hæðardrag. Sunnan undir draginu liggur eldri þjóðvegurinn frá 1913, er lá frá Hólum og norðvestur í Bjarnaneslandið. Árið 1974 var nýr þjóðvegur tekinn í notkun u.þ.b. 300 m sunnar í landinu. Í kjölfarið færðu bændur Seljavalla túnin sín til suðurs sem því nam og þar með hvarf sá hluti vegarins er lá að brúnni yfir Laxá. Vestasti hluti vegarins sem er sýnilegur í dag liggur rétt sunnan við lóð 6 á skipulagsupprætti (sjá myndir 5 og 6) og endar þar.

Að öðru leyti eru engar þekktar jarðlægar minjar innan úttektarsvæðisins (sjá myndir 2 og 6 og myndir í viðauka).

Auðkennisnúmer: 2012:001

Staðsetning: A 683370.606 – N 428170.272

Sérheiti: Þjóðvegur

Tegund: Vegur

Hlutverk: Samgönguleið

Aldur frá: 1913

Aldur til: 1974

Friðlýst: Nei

Ástand: Farinn að gróa upp

Hætta: Hætta vegna framkvæmda



Mynd 5. Eldri þjóðvegurinn, byggður á árunum 1910---1913. Ljós. SGB, feb. 2019.

Lýsing: Milli Seljavalla og Hóla liggur um 1,5 km langur kafli af gamla þjóðveginum, u.þ.b. 300 m norðan við núverandi þjóðveg. Vestasti hluti hans nær 130 m inn fyrir skipulagssvæðið. Vegurinn er gróinn milli hjólfara og ekki að sjá að hann sé í mikilli notkun, annarra en landeigenda. Vegurinn hverfur síðan undir tún Seljavalla III (mynd 5).



Mynd 6. Myndkort er sýnir úttektarsvæðið varpað á loftmynd. ©Loftmyndir ehf. Kortagerð: SGB, feb. 2019.

Lokaorð

Óslitin búseta, allt frá landnámstíð og fram á þennan dag er talin líkleg á Árnanesjörðinni. Í ljósi svo langrar byggðasögu er ekki hægt að útiloka að minjar gætu leynst undir sverði í fyrrum beitarlandinu. Af því tilefni skal bent á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngrípir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Heimildir:

Bjarni Bjarnason (1971). Byggðasaga Nesjahrepps. *Í Byggðasaga Austur---Skaftafellssýslu, I. bindi* (bls. 111---275). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.

Blanda II (1921 ---1923). *Kirkjustaðir í Austur---Skaftafellssýngi*. Bls.247---259. Reykjavík.

Geodætisk Institut (1942). *Uppdráttur Íslands, 1:100.000, Blað 106, Hornafjörður*. Sótt 20.02.2019 á <https://www.lmi.is/landupplysingar/kortasafn/atlaskort>

Gláma -Kím Arkitektar ehf (2019). *Seljavellir III, deiliskipulag, tillaga, 23.01.2019*. Sótt 04.02. 2019 á <http://www.hornafjordur.is/media/skjol/Deiliskipulag---Seljavellir---III---uppdrattur---og---greinargerð.pdf>

Hjalti Egilsson (2019). Munnleg heimild, dags. 19. 02. 2019.

Landmælingar Íslands (2019). *Söguleg gögn*. Sótt 20.02.2019 á https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/atlaskort_teikningar/JPEG/1903---1---14.jpg

Loftmyndir ehf (2017). Loftmynd nr. *Hofn2017_683_429*. GeoTIFF lágflugs---litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Viðauki:



Mynd 7. Horft til suðausturs norðan bæjarhúsanna. Ljós. SGB, feb. 2019.



Mynd 8. Túnin sunnan við bæjarhlaðið, horft af heimkeyrslu til austurs. Ljós. SGB, feb. 2019.



Mynd 9. Horft til suðurs yfir skipulagsreitinn í átt að Seljavöllum II. Ljósm. SGB, feb. 2019.